

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar nr. 923/2023, með síðari breytingum.

1. gr.

3. tölul. C-liðar 48. gr. breytist og orðast svo: *Samráðshópur og málefni fatlaðs fólks*. Sex aðalmenn og jafnmargir til vara. Skulu þrír aðalmenn og varamenn vera fulltrúar bæjarstjórnar og þrír aðalmenn og varamenn tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks sbr. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaganna. Samráðshópurinn fjallar um þjónustu við fatlað fólk og framkvæmd og þróun þjónustunnar skv. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 40/1991. Samráðshópurinn starfar skv. erindisbréfi sem honum er sett.

2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Hveragerðisbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, XX 2024.

F.h.r.